

ALÞINGISHÚSSREITUR

Samantekt um mannvistarleifar á svæðinu vestan Alþingishúss, sem afmarkast af Vonarstræti, Tjarnargötu og Kirkjustræti

Mjöll Snæsdóttir

Fornleifastofnun Íslands

FS046-98011
Reykjavík 1998

Inngangur

Á svæði því sem afmarkast af Vonarstræti, Tjarnargötu, Kirkjustræti og Alþingishúsi eru töluverðar líkur á rústum frá elstu byggð í Reykjavík. Fornleifarannsóknir á nálægum lóðum gefa mjög greinilega vísbendingu um það, en gamli Reykjavíkurbærinn stóð á þessum slóðum fram á 18. öld.

Þegar grafið var fyrir stóru steinhúsi sem nú stendur á lóðinni Tjarnargötu 4 árið 1944 urðu þar fyrir miklar mannvistarminjar. Árið 1962 voru ýmsir staðir í miðbæ Reykjavíkur kannaðir með jarðbor til að átta sig frekar á mannvistarleifum þar. Á árunum 1971-1975 fór fram fornleifarannsókn á fjórum auðum lóðum í miðbænum. Þetta var um það leyti sem haldið var upp á 1100 ára byggð í landinu og tilgangurinn að átta sig betur á Reykjavíkurbænum forna. Síðari athuganir í miðbænum hafa ekki orðið til að breyta hugmyndum manna um það hvar gamli Reykjavíkurbærinn hafi staðið, en gefið frekari vísbendingar um svæði það sem bæjarhús stóðu á. Ekki eru þó mörkin nákvæmlega þekkt og minnst vitað um takmörkin til austurs, inn á það svæði sem nú er fyrirhugað að byggja á.

Rannsóknir og athuganir í miðbæ Reykjavíkur

Þegar grafið var fyrir húsi Steindórsprents í Tjarnargötu 4 árið 1944 reyndust vera þar miklar leifar eftir eldri byggð á staðnum, móðskulög, gólfskán og ýmsar hleðslur. Ekki fór fram regluleg fornleifarannsókn á þeim tíma, en til eru töluverðar upplýsingar um það sem sjá mátti í grunninum. Þar mátti greina ýmislegt hleðslugrjót frá því á 1 m dýpi frá yfirborði og niður á meira en 2 m dýpi. Dýpst var gryfjan 2,75 m og þar mátti sjá 25 sm óhreyft lag áður en mannvistarminjar tóku við, en annars er greinilegt af lýsingunni að mannvistarminjar hafa víða náð alveg niður að malarlagi því sem er undir miðbæ Reykjavíkur.

Ekki eru handbærar upplýsingar um hvort menn veittu einhverjum minjum athygli þegar grafið var fyrir húsi Hjálpræðishersins í Kirkjustræti 2, eða steinhúsinu í Suðurgötu 3. Árið 1943 var gerður djúpur kjallari að húsabaki að Suðurgötu 3. Grafið var meira en 2 m niður og í botni var komið niður á ræsi hlaðið úr steinum, sem lá frá austri til vesturs. (Þorkell Grímsson: Reykvískar fornleifar, bls. 67)

Þorkell Grímsson og Þorleifur Einarsson gerðu athuganir í miðbæ Reykjavíkur með jarðbor árið 1962 og var tilgangurinn sá að fá gleggri mynd af útbreiðslu mannvistarlaga. Alls voru boraðar 29 holur og er 13 þeirra lýst í grein er Þorkell og Þorleifur rituðu í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1969. Engin þeirra var á “bílataði alþingis”. Þær sem næstar voru því voru þrjár holur í sundi milli Tjarnargötu 4 og húss Hjálpræðishersins, Kirkjustræti 2 og ein hola á lóð Suðurgötu 5 og tvær í Tjarnargötu 6. Tveimur af þessum holum er lýst í greininni og var mól þar í um 2 og 2,7 m dýpi undir yfirborði (Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1969).

Á fimmta áratugi aldarinnar var grafið fyrir hitaveitustokk nyrst í Tjarnargötu vestan til og sást þá hellulögn í skurðinum, líklega tæplega metra undir yfirborði. (Þorkell Grímsson, Reykvískar fornleifar, bls 68)

Þegar grafið var fyrir stórhýsi í Aðalstræti 9 árið 1970 sást þar mól á um 2 m dýpi, en grjót bæði niðri við botn og á um 1 metra dýpi, einnig sást þar móaska. (Þorkell Grímsson, Reykvískar fornleifar, bls. 68)

Rannsóknir þær sem fram fóru á árunum 1971-1975 á lóðunum Aðalstræti 14 og 18 og Suðurgötu 3 og 5 sýndu að á öllum þessum lóðum var mikið af rústum bygginga frá ýmsum tímum.

Á hornlóðinni Aðalstræti 18 voru leifar af húsi frá landnámsöld. Ekki var það hús nákvæmlega tímasett en var greinilega reist eftir að hið svonefnda landnámslag hafði fallið, en það lag hefur nú verið tímasett til 871 eða 2. Þessi bygging var alveg niðri við malarlagið í botni, í hæðinni 2,30-2,50 metrar yfir sjó. Á lóðinni hafði áður staðið stórhýsi með kjallara, en þó mátti finna mannvistarminjar undir kjallaranum.

Á lóð Aðalstrætis 14 fundust aðallegar byggingar frá tímum Innréttinganna á 18. öld, en þó voru ummerki um eldri byggingu, sem talin var geta verið frá 9. öld.

Á lóð Suðurgötu 5 hafði staðið hús frá 1880. Undir þessu húsi var kjallari og náði hann niður í um 3 m yfir sjó. Mátti við uppgröftinn sjá að hann hafði verið grafinn niður gegnum eldri byggingarlög, en undir honum voru þó varðveittir veggir frá 10. öld. Bæði í Suðurgötu 3 og 5 voru leifar margra bygginga frá ýmsum tímum, flestallar voru eldri en 1500. (Else Nordahl 1988).

Þegar timburhús frá 1833 var fjarlægð af lóð Suðurgötu 7 og fært í Árbæjarsafn sumarið 1983 fór einnig fram fornleifarannsókn á þeirri lóð, enda var síðan byggt á henni stórt steinhús. Við þá rannsókn fundust ummerki um byggingu úr torfi með moldargólfi í 1,5 m dýpi undir yfirborði þar, en um 0,30 m hæð yfir sjó. Aðeins var kannaður hluti hússins, en framhald þess til austurs hvarf undir Vonarstræti 10. Viðarsýni úr gólfi þeirrar byggingar voru kolefnisgreind til 10. aldar. Sunnar á lóðinni voru ekki ummerki um neina byggð svo forna, og mátti þar aðeins sjá leifar bygginga frá 19. öld. Var þetta talið benda til að hér væri komið í suðurjaðar elstu byggðarinnar, eða hins gamla bæjarstæðis Reykjavíkurbæjarins. (Kristín H. Sigurðardóttir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1986).

Árið 1987 voru kannaðar minjar á lóðinni Aðalstræti 8. Þar fundust engar minjar frá landnámsöld, og engar eldri en frá 18. öld, og var af því dregin sú ályktun að komið væri út fyrir það svæði þar sem elsti Reykjavíkurbærinn hefði staðið. (Margrét Hallgrímsdóttir 1987).

Á lóð Aðalstrætis 12 var gerð fornleifarannsókn árið 1993. Þar mátti finna hluta úr húsi, sem er næsta víst að er framhald húss sem orðið hafði vart við á lóð Aðalstrætis 14 árið 1971. Var það í um 2,5 m hæð yfir sjó, og er tímasett til loka 9. aldar eða hinnar tíundu á grundvelli gjóskulaga og kolefnisgreininga. Malarlagið undir því er í hæðinni 2,30 m. Ekki varð skorið úr um notkun þessarar byggingar. (Bjarni F. Einarsson 1993).

Á lóðunum við Aðalstræti hafa elstu minjarnar verið á neðri hluta lóðanna, þeim sem næst eru Aðalstræti, og virðast það vera mörk bæjarstæðisins til vesturs.

Fornleifar á alþingishússreit

Þegar grafið var fyrir grunni að Tjarnargötu 3 komu menn niður á öskuhaug og á rennu úr grjóti. “Var grafið þarna niður að öskuhaug, sem náði yfir nær hálfan grunn til austurs að norðanverðu, en undir var mól. Við gröftinn fundu menn lokræsi, hlaðið úr torfi og grjóti, og settar hellur yfir. Sást að það stefndi frá norðvestri til suðausturs, og endaði í sorpgryfju, sem einnig var hlaðin úr torfi og grjóti, mosi, sem var grænn, var á torfi þessu. Innsigli úr tini, fornlegt, fannst í jörð við gröftinn. Er það skráð í safnskrá Þjóðminjasafnsins 12. nóvember 1904.” (Þorkell Grímsson: Reykvískar fornleifar, bls. 66-67). Á innsigliinu er nafn sem lesið hefur verið sem Þorleikur Egilsson. Ekki kemur fram hvar í grunninum innsiglið fannst, og ekki er vitað með neinni vissu hver Þorleikur var.

Á meðan á uppgrefti í Suðurgötu 3 og 5 stóð var eitt sumarið grafið vegna lagna undir gangstétt austan megin Tjarnargötu. Þar fundust hleðslur í skurði, á minna en eins metra dýpi. Þetta var móts við uppgreft í Suðurgötu 5, litlu norðar en húsið Tjarnargata 5B.

Eldri hús á alþingishússreit.

Nokkur hús frá síðari hluta 19. aldar og upphafi hinnar 20. hafa staðið á því svæði sem hér um ræðir, vestan til á Alþingishússreitnum.

Á lóðinni Kirkjustræti 4, á horni Kirkjustrætis og Tjarnargötu, stóð síðast stórt timburhús, þrílyft með kjallara, reist 1897 (brann 1947). Á þeirri lóð stóð áður timburhús (kallað um tíma Þerneyjarhús), reist 1847 og fyrir þann tíma torfhús, væntanlega fleiri en eitt. Smiðja Innréttlinganna mun hafa staðið á þessari lóð. Ekki eru til heimildir fyrir því hvort aðrar byggingar stóðu þar á undan henni, en alls ekki er hægt að útiloka það.

Á lóðinni Kirkjustræti 6, við hlið áður nefnds stórhýsis stóð annað tvílyft timburhús, byggt sama ár, og einnig með kjallara. Það brann í sama eldsvoða.

Á lóðinni Tjarnargötu 3 stóð allstórt tvílyft hús með kjallara, Tjarnargata 3A. Það stóð fast við götuna en annað hús, Tjarnargata 3B, var innar á lóðinni. Það var einnig með kjallara og var fyrst einlyft en síðar hækkað í tvær hæðir. Einnig er vitað um tvo skúra á þeirri lóð, byggða á síðustu öld, en ekki er víst að grunnar þeirra hafi náð djúpt.

Húsið Tjarnargata 3C stóð austar á lóðinni. Það hús var byggt árið 1880 og var einlyft með kjallara.

Á lóðinni Tjarnargötu 5 var hús frá 1866, grindarhús með múrsteini hlaðið í grind. Það var rífið 1960. Óvíst er hvort kjallari hússins eða undirstaða nær mjög djúpt (jarðvegsskiptin 1989 gætu hafa fjarlægð það allt). Sunnar á sömu lóð var tvílyft timburhús með kjallara, Tjarnargata 5B, á horni Vonarstrætis og Tjarnargötu, reist 1895.

Aðrar vísbendingar um minjar á Alþingishússreit

Sniðteikning í þeim enda uppgraftar í Suðurgötu 5 sem næstur er Tjarnargötu sýnir að þar hefur malarlagið undir miðbænum verið um 2,30-2,40 m undir yfirborði. (Fig 39 á bls. 38 í bók Else Nordahl). Djúpt í þeirri gryfju en yfir malarlaginu var lag með kvistum, greinum og tréspónum og lá þetta lag undir elstu byggingum. Ekki var auðvelt að tímasetja þetta lag, en í því fannst beinprjónn líkur prjónum sem tímasettir hafa verið til 11. aldar. Þarna í austurenda uppgraftar var

einnig hellulögn sem lá í áttina að Tjarnargötu, um 1,70 m undir yfirborði.

Þegar skipt var um jarðveg vegna bílastæða 1989 fylgdist starfsmaður Árbæjarsafns með framkvæmdum og samkvæmt upplýsingum þaðan virðist hafa verið fjarlægð lög niður í dýptina 1,30-1,50 frá yfirborði. Ekki er að sjá að komið hafi verið niður í óhreyfð lög eða niður á mölina undir miðbænum við þessa framkvæmd. Miðað við dýpt mannvistarlaganna á Suðurgötulóðunum er við því að búast að mannvistarleifar og fornminjar frá elstu byggðinni séu á nálægt tveggja metra dýpi undir nýverandi yfirborði eða nálægt því 2 m yfir sjó, samkvæmt þeim mælingapunktum sem stuðst var við í rannsókninni 1971-1975. Í Suðurgötu 5 virtist malarlaginu raunar halla niður á við austast, svo að hugsast getur að öll lög séu dýpra á Alþingishússreit en var á lóð Suðurgötu 5.

Stærð Tjarnarinnar

Eftir því sem ráðið verður af korti sem prentað er í bókinni “Tjörnin, saga og lífríki” (bls 55), þar sem sýnd er stærð Tjarnar skv. kortum frá 1876 og 1902 og teiknað ofan á kort Mælingadeildar frá 1990 m. leiðréttingu 1992 - er meginhluti þess svæðis sem nú er notað sem bílastæði vestan alþingishússins “á þurru”, þ.e. Tjörnin hefur ekki náð inn á það á þeim tíma sem kortin sýna. Óvíst að Tjörnin hafi náð mikið lengra til NV á þeim tíma sem elsta byggðin var þarna.

Þó að norðurendi Tjarnar eða vík norður úr henni hafi náð inn á það svæði sem Vonarstræti 8 og 10 standa á, er auk þess rétt að hafa tvennt í huga:

1. Land sígur á þessum slóðum. Þar af leiðandi hefur Tjörnin e.t.v. staðið lægra um það leyti sem elsta byggðin stóð og þá ekki náð eins langt til norðurs og hún gerði á 19. öld, þegar við höfum heimildir um stærð hennar. Því er ekki hægt að útiloka að einhverjar byggingarleifar frá Reykjavíkurbænum séu á því svæði sem fyllt var upp í lok 19. aldar.
2. Mannvistarlög frá byggð nálægt stöðuvötnum ná iðulega út í vatnið. Þangað geta borist hlutir gerðir af mannavöldum, bæði viljandi og óviljandi. Þess eru dæmi að töluvert finnist af gripum í lögum sem myndast hafa á botnum vatna og tjarna nærri mannabyggð. Gripir gerðir úr lífrænum efnum eins og tré og leðri varðveitast einmitt oft einkar vel við slíkar aðstæður. Þeir þurfa sérstaka meðhöndlun eigi þeir ekki að eyðileggjast, þegar þeir eru teknir upp.

Við uppgröftinn í Suðurgötu 3 og 5 sýndi sig að er komið var niður á nokkurt dýpi fór að seytle upp vatn. Miðað við reynslu úr þeim grefti má búast við að neðri lög á Alþingishússreitnum séu mjög blaut og getur þurft að gera sérstakar ráðstafanir vegna vatns til að hægt sé að rannsaka neðstu lög þar og bjarga gripum þeim sem þar hafa varðveist frá skemmdum.

Nauðsynleg könnun á Alþingishússreit

Skákin milli Vonarstrætis og Kirkjustrætis er 65 m löng, og frá Tjarnargötu að vesturgöflum Vonarstrætis 12 og Kirkjustrætis 8 eru 30 m, samtals um 1950 fermetrar. Miðað við að grafið var niður á bilinu 1,30 til 1,50 m við jarðvegsskiptin 1989, má reikna með að eftir séu 0,50 til 1,20 m þykk lög þar sem vænta má mannvistarminja. Ef gert er ráð fyrir 1 m þykkt að meðallagi gætu því verið allt að 1950 rúmmetrar af mannvistarlögum. Undir a.m.k. 6 þeirra húsa sem á reitnum stóðu hafa verið kjallarar. Ekki er víst hve mikið má draga frá þeirra vegna, enda er óvíst

að þeir hafi náð niður að óhreyfðum jarðvegi.

Við fornleifarannsókn má telja líkegt meðaltal að fjarlægður sé jarðvegur sem svarar hálfum rúmmetra á mann á dag. Ef rannsaka á metersþykkt lag á 1950 fermetra svæði, þýðir það tæplega 1000 dagsverk. Nú er ekki víst að mannvistarminjar reynist vera á öllu þessu svæði, sem rannsaka þyrfti þannig, en fyrirfram er nánast ómögulegt að vita hversu miklar þær kunna að vera. Varleg áætlun þyrfti að reikna með að mannvistarleifar séu á um helmingi svæðisins. Það þýðir um 500 dagsverk við uppgröft, og síst minna vegna tæknilegra örðugleika við rannsóknir í vatnsflaumi eins og þarna má vænta. Svæðið er allstórt um sig og þessvegna er óhætt að reikna með að allmargir menn geti unnið við uppgröftinn í einu. Með 15 manns væri því hægt að rannsaka þetta svæði á innan við tveimur mánuðum. Þá þarf einnig að reikna með töluverðri vinnu við frágang á upplýsingum á eftir (á að giska 200 dagsverk), og einnig við forvörslu á gripum sem kunna að finnast.

Þá bætist við svæði það að húsabaki milli Kirkjustrætis og Vonarstrætis sem notað er sem bílastæði (um 60 x 30 m) Óvíst er hvort eitthvað kann að vera um mannvistarminjar á því, einkum þegar lengra dregur frá bæjarstæði Reykjavíkurbæjarins. Þó er ekki hægt að ganga út frá því sem vísu að ekkert sé á því svæði, og er augljóslega nauðsynlegt að fjarlægja jarðveg þar með varkárni og rétt að fornleifafræðingar fylgist með því verki.

Niðurstöður:

Vitað er vegna ýmissa rannsókna og athugana í nágrenninu að fornt bæjarstæði Reykjavíkurbæjarins er á þessum slóðum. Fyrri athuganir hafa gefið vísbendingar um hve það svæði nær langt til norðurs, suðurs og vesturs, en ekki er ljóst hve langt það nær til austurs. Vitað er að menn urðu varir við mannvistarleifar er grunnur var grafinn að húsinu Tjarnargötu 3. Við jarðvegsskipti 1989 virðist hafa verið farið niður á 1,30 til 1,50 m dýpi undir yfirborði, en neðstu mannvistarleifar á nálægum lóðum hafa reynst víða á 2 og allt að 2,5 m dýpi undir yfirborði. Kjallarar 5-7 húsa sem á svæðinu hafa staðið geta hafa skaddað eldri mannvistarminjar, en þó getur hæglega verið að finna minjar undir þeim, eins og raunin var um kjallara Suðurgötu 5 og Aðalstrætis 18. Frá þeim tíma sem til eru áreiðanlegar upplýsingar um hve langt Reykjavíkurtjörn náði til norðurs, þ.e. frá síðari hluta 19. aldar, hefur Tjörnin ekki náð inn á svæði það sem um ræðir. Ekki virðist vera til öruggar upplýsingar um hvort hún kann að hafa náð inn á það fyrir þann tíma, en það er hugsanlegt. Minjar frá mannvist kunna þó einnig að leynast í lögum sem myndast hafa á vatnsbotni meðan byggð var í nágrenninu.

Heimildir:

Árbæjarsafn, uppgraftardagbók, færslur frá 1989.

Bjarni F. Einarsson: Fornleifarannsókn í Aðalstræti 12 1993. Skýrslur Árbæjarsafns XLIX
Else Nordahl: Reykjavík from the Archaeological Point of View. Aun 12. Uppsala 1988
Nanna Hermansson, Guðný Gerður Gunnarsdóttir, Mjöll Snæsdóttir: Kvosin milli Kirkjustrætis og Tjarnar. Skýrsla frá Árbæjarsafni 1983
Guðmundur Ingólfsson, Guðný Gerður Gunnarsdóttir, Hjörleifur Stefánsson: Kvosin, Reykjavík 1987

Kristín H. Sigurðardóttir: Fornleifarannsókn að Suðurgötu 7 í Reykjavík. Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1986. 143-164


Margrét Hallgrímsdóttir: Fornleifarannsóknir á lóð Fjalakattarins, Aðalstræti 8 í Reykjavík. Safn og samtíð, Árbók Árbæjarsafns 1987, bls. 40-52

Nikulás Úlfar Másson og Margrét Jónasdóttir: Byggingarsaga. Alþingishúsreitur. Rvík 1994. Skýrslur Árbæjarsafns XLV


Tjörnin. Saga og lífríki. Ritstj. Ólafur Karl Nielsen. Reykjavík 1992

Þorkell Grímsson og Þorleifur Einarsson: Fornminjar í Reykjavík og aldursgreiningar. Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1969

Þorkell Grímsson: Reykvískar fornleifar. Reykjavík í 1100 ár. 53-74



Vesturhluti Alþingishússreits og hús sem þar stóðu á fyrri hluta 20. aldar

 Hús sem ennþá standa